

STEFNA UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

MARKMIÐ STEFNUNNAR

Stefna Lífeyrissjóðs bænda um ábyrgar fjárfestingar markar stefnu sjóðsins um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér skv. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta (UFS þátta) í fjárfestingum.

GILDISSVIÐ

Stefna lífeyrissjóðsins í ábyrgum fjárfestingum á fyrst og fremst við um innlendar fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum þar sem hann fer með 2,5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum sjóðsins.

VIÐMIÐ

Almennt horfir lífeyrissjóðurinn til lengri tíma í fjárfestingum sínum og er meginmarkmið lífeyrissjóðsins að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt í samræmi við fjárfestingarstefnu á hverjum tíma.

Lífeyrissjóðurinn telur að áhersla á UFS þætti sé mikilvæg forsenda að fyrirtæki geti orðið sjálfbær í rekstri, stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda og skilað góðri afkomu til langs tíma, sem samræmist langtímasjónarmiðum í fjárfestingum.

Við fjárfestingaákvörðanir lífeyrissjóðsins er stefnt að því að hámarka verðmæti eigna til lengri tíma litið, huga að góðri áhættudreifingu og jafnframt að horfa til áhættuþátta tengdum sjálfbærni í heildaráhættumati fjárfestinga.

Stefnu þessa hefur lífeyrissjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingaákvörðanir, eftirfylgni þeirra og við mótun fjárfestingarstefnu.

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum, sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað þar sem hún fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, "UN Global Compact", í fjárfestingum sínum.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa, fylgir lífeyrissjóðurinn eftir stefnunni með því að kanna stefnu félaga með tilliti til fyrrgreindra viðmiða.

Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en einstökum erlendum félögum.

Við mat á rekstraraðila sjóða gerir lífeyrissjóðurinn kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmats við fjárfestinga-ákvörðun, þannig þarf stefna rekstraraðila um stefnu í ábyrgum fjárfestingum ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati hennar.

Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvíst að fráviki á grundvelli fyrrgreindra viðmiða mun lífeyrissjóðurinn beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur.

Við slíka ákvörðun er þó ávallt gætt ýtrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir lífeyrissjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.

Þannig samþykkt stefna á fundi stjórnar 26. nóvember 2024 og kemur í stað stefnu dags. 23. nóvember 2022.

Reykjavík, 26. nóvember 2024

STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS BÆNDA

Vala Valtýsdóttir, formaður stjórnar
Jóhann Már Sigurbjörnsson, varaformaður
Berglind Ósk Alfreðsdóttir
Bjartur Thorlacius
Einar Ófeigur Björnsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur K. Ólafs

Undirritunarsíða

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Ólafur Kristinn Ólafs

Einar Ófeigur Björnsson

Bjartur Thorlacius

Vala Valtýsdóttir

Berglind Ósk Alfreðsdóttir